

**Tími:** 22. júní 2010

**Staður:** Laugardalurinn

**Viðstaddir:** Rakel Pétursdóttir, Hafsteinn Dan Kristjánsson, Ingólfur, Skjöldur og Prándur.

### **1. Styrkir til ungra- og efnilegra**

Upplýst var að Rafn Kumar og Hinrik hefðu fengið styrki úr styrksjóði fyrir unga- og efnilega íþróttamenn. Stjórnin fagnar því að ungir tennisspilurarar fái styrki úr sjóðnum. Formaður upplýsti að forgangsroðun sem hefði verið samþykkt á fyrri fundi hefði verið skilað inn. Formaður upplýsti efni samtala sinna við forráðamenn ÍSÍ varðandi aldursbil fyrir umsóknir. TSÍ hafði áður fengið undanþágu fyrir 13-16 ára leikmenn, en almennt miðast styrkurinn við 15-18 ára. Virðist það vera tilhneiging hjá sjóðnum og ÍSÍ að 13 og 14 ára leikmenn séu almennt of ungir til að koma til greina. Með því að sækja um fyrir 13-16 ára í stað t.d. 15-18 ára virðumst við vera að kasta sumum umsóknum á glæ og glata möguleikanum til að sækja um fyrir aðra leikmenn, t.d. Eirdísi. 14 ára er á mörkunum og gæti sloppið. Stjórnin var sammála að það væri fult að heyra þetta með yngri leikmenn okkar þar sem stjórnin hafði fengið undanþágu. Virðist sú undanþága þá vera hálfgerð markleysa. Stjórnin samþykkti að huga þyrfti að hækka aldursbilið annaðhvort í 14-17 ára eða 15-18 ára fyrir næstu styrkumsóknir í nóvember nk. Hvort það yrði, yrði tekin ákvörðun um síðar.

### **2. Ólympíuhátíð æskunnar**

Stjórnin samþykkti einróma fyrri samþykktir, fjárhagsáætlanir og vilja stjórnar í málinu, þ.e. það hafi verið skýr vilji stjórnar, sem öllum viðkomandi hafi verið ljós, að sú ákvörðun hefði verið tekin að styrkja ekki um 261 þús kr. ferð á leikana árið 2009 vegna fjárhagsástæðna. Sú ákvörðun hefði verið tekin fyrir ársþingið 2009 og síðan aftur eftir ársþingið 2009. Leikmönnum og fararstjóra væri þó heimilt að fara algjörlega á eigin kostnað. Hins vegar hefði verið tekið fram að til greina kæmi að styrkja verkefnið eftir á við lok ársins ef fjárhagsstaðan liti betur út. Taldi stjórnin mikilvægt að þessi skýri vilji hennar væri staðfestur.

Rakel, Ingólfur og Skjöldur upplýstu nánar hvaða samskipti hefðu átt sér stað vegna þessa máls, bæði samskipti þeirra við ÍSÍ, viðkomandi einstaklinga og frásagnir ÍSÍ af samskiptum sínum við viðkomandi einstaklinga.

Samþykkt var að Ingólfur og Skjöldur myndu taka saman ýmis gögn tengd málinu og að samin yrði undirrituð viljayfirlýsing allra stjórnarmanna um skilning þeirra á ákvörðunum sínum og vilja stjórnar.

Samþykkt var af meirihluta að veita Rafni Kumari og Hinriki 40.000 kr. styrk hvorum sem myndi dragast frá þeirri upphæð sem TSÍ ætti kröfu á samkvæmt reikningi ÍSÍ, þ.e. 261 þús kr. Samþykkt var að reikningur yrði sendur út á viðkomandi aðila, skiptur upp eftir sundurliðun eða upplýsingum frá ÍSÍ, en fyrir lægi að hann væri þrískiptur. Frá hluta vegna tveggja leikmanna myndi fyrrnefndu styrkur dragast.

Stjórnin vonar til að ljúka málinu á farsælan hátt, þ.e. með innheimtu kröfu samkvæmt reikningi að frádregnum styrki.

### **3. Útbreiðslu- og fræðslunefnd**

Upplýst var að Raj gerði kröfu vegna skólakynninga í maí mánuði sl. Samþykkt var að Jónas sem formaður útbreiðslu- og fræðslunefndar myndi sjá um frágang þess máls en þær upplýsingar sem lágu fyrir stjórn voru þær að um ákveðna hámarksfjárhæð væri að ræða, ákveðin viðmiðunarverð hefðu verið sett, en endanlega útteiling úr nefndinni færi eftir fjölda þeirra einstaklinga sem væru með tenniskynningar. Fjárhæðin gæti því mögulega tekið breytingum og því væri ekki enn ljóst hver hún væri. Samþykkt var því að fela Jónasi afgreiðslu þessa máls.

#### **4. Íslandsmeistaramótið utanhúss**

Ingólfur og Rakel upplýstu að nokkrir aðilar hefðu lýst yfir áhuga á að halda Íslandsmeistaramótið utanhúss, annaðhvort ákveðna flokka eða í heild sinni. Jafnframt var upplýst að fyrri dagsetning Íslandsmeistaramótsins gæti valdið vandkvæðum miðað við dvöl leikmanna á landinu. Í ljósi þess var ákveðið að fresta mótinu um eina viku þannig í stað þess að það yrði haldið 4.-8. ágúst nk. yrði það haldið 11.-15. ágúst. Bent var á að aðrir leikmenn gætu verið að fara til Bandaríkjanna í háskólanám um miðjan ágúst, t.d. færi Sandra Dís líklega út 10-12. ágúst og taka þyrfti ekki síður tillit til þeirra. Kannski væri hægt að leysa þetta með því að láta meistaraflokk kvenna klárast á 2 dögum, ef þátttaka er ekki mikil.

Samþykkt var að Andri Jónsson væri mótstjóri Íslandsmeistaramótsins í heild sinni.

#### **5. Davis Cup styrkur**

Stjórn TSÍ fagnar því að Davis Cup verkefnið hafi verið styrkt um 200.000 kr. Samþykkt var að láta styrkinn ganga upp í kostnað TSÍ af ferðinni. Stjórnin ræddi um tillöggun og kostnaðarskiptingu landsliðsverkefna, þ.e. leikmenn tækju þátt í kostnaðnum. Skjöldu upplýsti um ýmis önnur sérsambönd sem gerðu þetta með þessum hætti. Þá var upplýst að á teikniborðinu væru 4 mót fyrir komandi ár og í ljósi fjárhags TSÍ væri skynsamlegra að leikmenn tækju þátt í kostnaði en TSÍ ætt þess í stað frekari möguleika að senda út á fleiri mót.

#### **6. Landsliðsæfingar**

Samþykkt var að færa til áðurúthlutuðum fjármunum á liðinn Davis Cup í fjárhagsáætlunni til landsliðsnefndar til að styrkja landsliðsæfingar komandi haust. Stjórnin taldi verkefnið mikilvægt og þarft. Í samræmi við lið 5 og 6 (og 7 hér á eftir) var fjárhagsáætlun 22. júní 2010, sem Rakel lagði fram, samþykkt, með sjálfssögðum fyrirvörum um breytingar sem kunna að vera gerðar á henni síðar.

#### **7. Verkefni fyrir kvennalandsliðið**

Hafsteinn Dan upplýsti fyrir hönd landsliðsnefndar um verkefnastöðu vegna kvennalandsliðsins. Nú lægi fyrir að ekki yrði farin önnur ferð fyrir stelpurnar í stað Fed Cup ferðarinnar sem hefði fallið upp fyrir vegna eldgossins. Stjórnin var sammála að gera yrði eitthvað fyrir stelpurnar. Upplýst var að Arnar Sigurðsson hefði lýst áhuga á að þjálfar stelpurnar og vera með æfingaprógram fyrir þær í sumar og hefðu þær nú þegar byrjað á því. Upplýst var að fleiri leikmenn væru í þessu prógrammi. Samþykkt var að fá grófa fjárhagsáætlun frá Arnari svo stjórnin gæti tekið afstöðu til þess hve mikið ætti að styrkja stelpurnar í því verkefni.

-- Fundi slitið